

8 atriði sem hjálpa þér að nota Maintx sem bæði gæða- og viðhaldsstjórnunarkerfi

Hugmyndafræðin á bak við gæðastjórnun er að halda utan um framleiðsluaðferðir, fara eftir þeim og geta staðfest þær. Að nota Maintx hugbúnaðarkerfið bæði sem gæða- og viðhaldsstjórnunarkerfi er unnt að gera á einfaldan en samt öruggan hátt án forritunar.

Maintx fullbúin lausn fyrir gæða- og viðhaldsstjórnun:

1. Kerfið heldur utan um allt sem gert er varðandi viðhald tækja. Þær upplýsingar eru alltaf aðgengilegar í viðhaldssögu tækja og búnaðar
2. Kerfið geymir miðlægt allar upplýsingar um viðhald og varahlutanotkun tækja og búnaðar. Þær eru þær ávallt aðgengilegar í rauntíma
3. Kerfið gerir kleift að skilgreina tæki eftir mikilvægi
4. Kerfið gerir kleift að hengja öryggisfyrirmæli og -leiðbeiningar við fyrirbyggjandi viðhaldsverk, tæki og verkbeiðnir
5. Kerfið gerir kleift að kalla fram margvíslegar skýrslur sem sýna fylgni við gæðastjórnunarstaðla, svo sem fastar úttektir og fyrirbyggjandi viðhaldsverk
6. Kerfið er með aðgerðum sem styðja vel við fyrirbyggjandi viðhald, svo sem eftirlit með ástandi tækja, skráningu á upplýsingum og sjálfvirku eftirliti með birgðastöðu varahluta í kerfinu til að tryggja að nauðsynlegir varahlutir séu til staðar ef tæki bila
7. Kerfið er unnt að nota til þess að fylgja eftir og skilgreina dagsetningar fyrir fyrirbyggjandi viðhaldsverk, búa til verkbeiðnir og úthluta þeim á viðeigandi starfsmenn eftir hæfni þeirra
8. Kerfið eykur framleiðni innan fyrirtækisins þegar kemur að viðhaldi með því minnka tímann sem ekki er unnt að nota tæki vegna bilunar, með því að fækka óvæntum bilunum og með því að deila viðhaldsverkefnunum jafnara.